

Sorporkuver á Strönd á Rangárvöllum
Svar framkvæmdaraðila
við umsögn Umhverfis- og orkustofnunar við umhverfismatsskýrslu

Umhverfismatsskýrsla vegna fyrirhugaðrar sorporkustöðvar á athafnasvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs. í landi Strandar í Rangárþingi ytra lá frammi til kynningar 19. nóv. 2025 til 2. jan. 2026. Fimm umsagnir bárust á kynningartímanum:

1. Veitur, 25. nóvember 2025
2. Minjastofnun Íslands, 5. desember 2025
3. Rangárþing ytra, 10. desember 2025
4. Umhverfis- og orkustofnun 19. desember 2025
5. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun – Brunavarnasvið, 2. janúar 2026

Eina umsögnin sem gefur tilefni til svara er umsögn Umhverfis- og orkustofnunar. Svör framkvæmdaraðila við henni fara hér á eftir.

Í umsögn Umhverfis- og orkustofnunar er bent á að umfjöllun í umhverfismatsskýrslu um áhrif á vatn „*mætti vera ítarlegri og í samræmi við vatnaáætlun og lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, t.d. sé óljóst hvort að eitthvað vatn verði notað við þrif á búnaði s.s. færiböndum eða inntakskvörn*“. Öll vatnshlot séu með lagalega bindandi umhverfismarkmið og því megi ástand þeirra ekki rýrna, hvorki tímabundið né varanlega vegna framkvæmda eða starfsemi.

Áður en starfsleyfi fyrir urðunarstaðinn á Strönd var gefið út var gerð úttekt á grunn- og yfirborðsvatni svæðisins, auk lektar- og síunareiginleika jarðgrunnsins. Strönd er staðsett á víðáttumiklum óseyrum þar sem þykk laus jarðlög hafa hlaðist upp á berggrunni sem er 3-4 milljón ára gamall. Malarlögin í efri hluta setlaganna eru vel vatnsleiðandi og dýpi á grunnvatn tiltölulega mikið, eða að jafnaði um 10 m á því svæði sem um ræðir. Ætla má að grunnvatnsborði halli í stórum dráttum líkt og yfirborði og að stefna grunnvatnsstraums sé frá norðaustri til suðvesturs.

Athafnasvæði Sorpstöðvar Rangárvallasýslu liggur á vatnaskilum Hróarslækjar (vatnshlot nr. 103-682-R), og Strandarsíkis (vatnshlot nr. 103-883-R), en er þó líklega allt á vatnasviði þess síðarnefnda. Bæði þessi vatnsföll hafa rennslisstefnu frá norðaustri til suðvesturs. Alla jafna er ekkert vatn sjáanlegt á yfirborði athafnasvæðisins og engir sýnilegir vatnsvegir, hvorki í átt að Hróarslæk né Strandarsíki. Þurr vatnsfarvegur liggur í gegnum svæðið og um hann getur runnið vatn í stórrigningum og leysingum, einkum ef frost er í jörðu. Þetta hefur þó ekki gerst síðustu ár.

Þær aðstæður sem hér hefur verið lýst gera það að verkum að útilokað má telja að yfirborðsvatn frá athafnasvæðinu á Strönd geti borist í Strandarsíki eða Hróarslæk. Eina

vatnshlotið sem gæti þurft að skoða í þessu samhengi er grunnvatnshlotið Landeyjar (vatnshlot nr. 103-252-G).

Ekki er gert ráð fyrir að vatnsnotkun á umræddu athafnasvæði aukist með tilkomu sorporkuversins. Engin afgerandi breyting verður á magni eða samsetningu úrgangs sem kemur inn á svæðið, heldur felst breytingin fyrst og fremst í því að úrgangur sem nú er umstaflað og komið út af svæðinu til meðhöndlunar verður þess í stað nýttur til orkuvinnslu í sorporkuverinu. Vatnspörf til þrifa verður því væntanlega sú sama eða mjög svipuð því sem nú er, en notkunin getur að einhverju leyti flust til innan svæðisins. Ekki er gert ráð fyrir að nota þurfi vatn við þrif á færiböndum, inntakskvörn eða öðrum búnaði.

Því vatni sem eftir sem áður kann að verða notað verður veitt í fráveitu. Ákvæði í starfsleyfi eiga hér eftir sem hingað til að koma í veg fyrir að þetta vatn hafi áhrif á gæði grunnvatnshlotsins. Í nágildandi starfsleyfi er m.a. gert ráð fyrir árlegri mælingu á efnasamsetningu grunnvatns ofan og neðan við athafnasvæðið.

Í ljósi framanskráðs er meginniðurstaða framkvæmdaraðila í umræddu máli sú að vatnspörf á athafnasvæðinu aukist ekki með tilkomu sorporkuversins. Ekki verða heldur breytingar á efnasamsetningu vatns sem kann, hér eftir sem hingað til, að verða notað til þrifa. Því verður ekki séð að vatnsnotkun á svæðinu geti haft áhrif á nærliggjandi vatnshlot umfram það sem verið hefur mörg undanfarin ár.

Hvanneyri 9. jan. 2026

F.h. Sorpstöðvar Rangárvallasýslu bs.

Stefán Gíslason

Environice